

Fasteignasjóður Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga

Ársreikningur 2022

Fasteignasjóður Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga
Sölvhólgötu 7
150 Reykjavík
kt. 510211-0140

Efnisyfirlit

	Bls.
Staðfesting ársreiknings.....	3
Áritun ríkisendurskoðanda	5
Áritun endurskoðanda	4
Rekstrarreikningur	7
Efnahagsreikningur	8
Sjóðstreymi	10
Skýringar	11

Staðfesting ársreiknings

Við yfirfærslu á málefnum fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga 1. janúar 2011 var stofnaður sérstakur fasteignasjóður, Fasteignasjóður Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, sem annast fasteignir sem nýttar eru í þjónustu við fatlaða. Allar fasteignir sjóðsins hafa verið seldar. Þessi í stað á sjóðurinn skuldabréf útgefin af sveitarfélögunum.

Á árinu 2022 nam tekjuafgangur sjóðsins 221,4 m.kr. Samkvæmt efnahagsreikningi í árslok námu eignir alls 6.113,3 m.kr, skuldir 2,8 m.kr. og eigið fé 6.110,5 m.kr.

Innviðaráðherra staðfestir ársreikning Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fyrir árið 2022 með áritun sinni.

Reykjavík, desember 2023

Undirritað rafrænt

Sigurður Ingi Jóhannsson
innviðaráðherra

Undirritað rafrænt

Guðmundur Baldvin Guðmundsson
formaður ráðgjafarnefndar
Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga

Áritun ríkisendurskoðanda

Til innviðaráðherra

Forsendur, hlutverk og ábyrgð ríkisendurskoðanda

Ríkisendurskoðandi starfar á grundvelli laga nr. 46/2016, um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga og fylgir siðareglum alþjóðasamtaka ríkisendurskoðana. Hlutverk ríkisendurskoðanda er að tryggja að fram fari endurskoðun og eftirlit í samræmi við 4. gr. laganna.

Ríkisendurskoðandi ber húsbóndaábyrgð á störfum þeirra endurskoðenda sem starfa hjá Ríkisendurskoðun og framkvæma endurskoðun á grundvelli laga um endurskoðendur og endurskoðun, lögum um ársreikninga og þeim almennu reglum sem þeir hlíta samkvæmt alþjóðlegum endurskoðunarstöðlum.

Endurskoðunin var framkvæmd í samræmi við lög nr. 46/2016 um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga.

Ríkisendurskoðun, desember 2023

Undirritað rafrænt

Guðmundur Björgvin Helgason,
ríkisendurskoðandi.

Áritun óháðra endurskoðenda

Til innviðaráðherra

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fyrir árið 2022. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn sýni glögga mynd af fjárhagsstöðu Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga 31. desember 2022, afkomu sjóðsins og breytingu á handbæru fé á árinu 2022, í samræmi við lög um opinber fjármál nr. 123/2015.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla fyrir opinbera aðila (ISSAI). Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér á eftir. Við erum óháð Fasteignasjóði Jöfnunarsjóðs og höfum starfað í samræmi við lög nr. 46/2016 um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að undirbyggja álit okkar.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur er ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög nr. 123/2015 um opinber fjármál, settar reglur og fyrirmæli. Þau eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Ábyrgð endurskoðenda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit á ársreikningnum.

Nægjanleg vissu er mikið öryggi, en ekki trygging þess að endurskoðun muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Áritun óháðra endurskoðenda frh.

Endurskoðun var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla fyrir opinbera aðila og hún byggir á faglegri dómgreind og gagnrýnni hugsun. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að undirbyggja álit á reikningnum. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, villandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé á svig við reglur um innra eftirlit.
- Öflum skilnings á innra eftirliti í þeim tilgangi að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir og meta hvort það tryggir viðunandi árangur.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda ásamt tengdum skýringum séu viðeigandi í samræmi við reikningsskilareglur.
- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi sjóðsins.
- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu og innihald, þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórnendur sjóðsins um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar. Jafnframt var upplýst um mikilvæg atriði sem fram komu við endurskoðunina, þar á meðal eftir atvikum verulega annmarka á innra eftirliti.

Ríkisendurskoðun, desember 2023

Undirritað rafrænt

Óskar Sverrisson,
endurskoðandi

Rekstrarreikningur árið 2022

	Skýr.	2022	2021
Tekjur			
Framlag Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.....	1	<u>0</u>	<u>605.000</u>
Tekjur alls		<u>0</u>	<u>605.000</u>
Framlög			
Framlag í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga.....	2	<u>80.262</u>	<u>200.933</u>
Rekstrarkostnaður			
Annar rekstrarkostnaður.....	3	<u>1.383</u>	<u>2.481</u>
Rekstrarkostnaður samtals		<u>1.383</u>	<u>2.481</u>
Framlög og gjöld alls		<u>81.645</u>	<u>203.414</u>
Rekstrar(tap)/hagnaður.....		(81.645)	401.586
Hreinar fjármunatekjur.....	4	<u>302.998</u>	<u>136.660</u>
Tekjuafgangur ársins		<u><u>221.354</u></u>	<u><u>538.246</u></u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2022

Eignir	Skýr.	31.12.2022	31.12.2021
Fastafjármunir:			
Skuldabréf.....	6	1.907.750	1.871.034
Fastafjármunir samtals		<u>1.907.750</u>	<u>1.871.034</u>
Veltufjármunir:			
Áfallnar vaxtatekjur.....		9.863	8.748
Aðrar skammtímakröfur.....	5	723.237	717.250
Næsta árs afborganir skuldabréfa.....	6	142.251	132.684
Bankareikningar.....		3.330.219	3.163.289
Skammtímakröfur samtals		<u>4.205.570</u>	<u>4.021.971</u>
Eignir alls		<u><u>6.113.320</u></u>	<u><u>5.893.005</u></u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2022

	Skýr.	31.12.2022	31.12.2021
Skuldir og eigið fé			
Eigið fé			
Höfuðstóll.....	7	<u>6.110.542</u>	<u>5.889.189</u>
Skammtímaskuldir:			
Ógreiddur fjármagnstekjuskattur.....		2.170	1.925
Aðrar skammtímaskuldir.....		<u>608</u>	<u>1.892</u>
Skammtímaskuldir samtals		<u>2.777</u>	<u>3.816</u>
Skuldir samtals		<u>2.777</u>	<u>3.816</u>
Skuldir og eigið fé alls		<u><u>6.113.320</u></u>	<u><u>5.893.005</u></u>

Sjóðstreymi árið 2022

	Skýr.	2022	2021
Rekstrarhreyfingar:			
<i>Veltufé frá rekstri</i>			
Tekjuafgangur samkvæmt rekstrarreikningi.....		221.354	538.246
Verðbætur skuldabréfa.....		(182.001)	(89.187)
Veltufé frá rekstri		<u>39.353</u>	<u>449.059</u>
 <i>Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum:</i>			
Skammtímakröfur (hækkun), lækkun.....		(7.102)	1.406.516
Skammtímaskuldir (lækkun), hækkun.....		(1.039)	1.670
		<u>(8.141)</u>	<u>1.408.186</u>
Handbært fé frá rekstri		<u>31.212</u>	<u>1.857.245</u>
 <i>Fjárfestingahreyfingar</i>			
Afborganir.....		<u>135.718</u>	<u>144.185</u>
Fjárfestingahreyfingar		<u>135.718</u>	<u>144.185</u>
 <i>Handbært fé í árslok</i>			
Hækkun á handbæru fé.....		166.930	2.001.430
Handbært fé í ársbyrjun.....		<u>3.163.290</u>	<u>1.161.859</u>
Handbært fé í árslok		<u><u>3.330.219</u></u>	<u><u>3.163.290</u></u>

Skýringar

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningur Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga er gerður með sama hætti og tíðkast hjá A-hluta stofnunum í samræmi við lög um opinber fjármál nr. 123/2015.

Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur

Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur eru metnar á kostnaðarverði.

Handbært fé

Til handbærs fjár telst óbundin innstæða á bankareikningi.

Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir eru færðar á kostnaðarverði.

Bókhald

Fjársýsla ríkisins sér um bókhald og greiðslur fyrir sjóðinn.

Skattar

Eins og aðrar stofnanir sem ríki og sveitarfélög bera ótakmarkaða ábyrgð á þá er Fasteignasjóður Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga undanþeginn skattskyldu tekjuskatts, sbr. 4. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt.

Framlag úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga

- 1 Framlag úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga í Fasteignasjóð Jöfnunarsjóðsins, sbr. 13 gr. a. í lögum nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga.

	2022	2021
Frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga	0	605.000

Framlög

- 2 Framlag til Jöfnunarsjóðsins er á grundvelli reglugerðar um Fasteignasjóð Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga nr. 460/2018 þar sem heimilað er að ráðstafa söluandvirði fasteigna og öðrum tekjum Fasteignasjóðsins umfram gjöld til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

Til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga	80.262	200.933
---------------------------------------	--------	---------

Skýringar

	2022	2021
Annar rekstrarkostnaður		
3 Bókhald og annar sérfræðikostnaður.....	1.121	2.413
Rekstrarkostnaður.....	262	68
	1.383	2.481
Fjármunatekjur		
4 Fjármunatekjur greinast þannig:		
Vaxtatekjur og verðbætur.....	347.262	158.714
Dráttarvaxtagjöld.....	(0)	(19)
Fjármagnstekjuskattur.....	(44.264)	(22.035)
	302.998	136.660
Aðrar skammtímakröfur		
5 Aðrar skammtímakröfur greinast þannig:		
Jöfnunarsjóður sveitarfélaga, staða	716.965	716.965
Aðrar kröfur	6.272	285
	723.237	717.250
Skuldabréf		
6 Skuldabréfin eru verðtryggð lán með jöfnum afborgunum með 2% vöxtum.		
Staða skuldabréfa í árslok	2.050.001	2.003.718
Næsta árs afborganir	(142.251)	(132.684)
Skuldabréfaeign í efnahagsreikningi	1.907.750	1.871.034
Eigið fé		
7 Yfirlit um breytingu á eigin fé greinist þannig:		
Höfuðstóll 1/1	5.889.189	5.350.942
Tekjuafgangur ársins	221.354	538.246
Höfuðstóll 31/12	6.110.542	5.889.189